

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 6. tbl. 14. árg. maí 2020

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Skólalok

Skólalok verða með óhefðbundnu sniði þetta árið þar sem enn eru fjöldatakmörkanir í gangi vegna Covid-19. Það er þó tvennt sem við munum gera til að halda upp á skólalokin. Hið fyrra er foreldrasýning í lok þemadaga og hið síðara eru skólaslit með hverjum bekk fyrir sig, foreldralaus nema í 10. bekk.

## Þemadagar 2. og 3. júní – hnattrænt jafnrétti

Hugmyndin að þemadögum kviknaði út frá öðru umhverfisþema skólans sem er hnattrænt jafnrétti. Við ætlum að skoða hinar ýmsu íþróttagreinar sem æfðar eru í heiminum og velta fyrir okkur hvaðan þær eru, hvernig aðstæður eru í því landi og



hverjir fá að stunda þær þar eða annars staðar í heiminum. Nemendur verða í blönduðum hópum frá 1. – 9. bekk. Hver hópur fær eina íþrótt og velur sér einn leik til að æfa, læra reglur og koma sér upp búning eða liðsmerki. Unnið verður í hópum frá kl. 8:10 – 11:10 á þriðjudag og kl. 8:10 og fram að foreldrasýningu á miðvikudag.

## Ólimpíuleikar allskonar íþróttar

### Foreldrasýning 3. júní kl. 10:30 á Sindravöllum

Foreldrum er boðið að koma sér fyrir í stúkunni eða í kringum völlinn. Nemendur munu ganga fylktu liði úr íþróttahúsinu inn á völlinn kl. 10:30. Nemendur munu segja stuttlega frá vinnunni og síðan munu þeir fara hver á sinn stað á Sindravöllum og spila íþróttina. Foreldrum gefst færi á að ganga á milli og sjá

hvernig íþróttin er spiluð eða leikurinn leikinn. Því miður getum við ekki boðið foreldrum að taka þátt í íþróttunum að þessu sinni vegna takmarkana á samkomuhaldi. Þar sem við dreifumst um stórt svæði teljum við okkur þó geta tryggt tveggja metra regluna fyrir þá sem vilja og þess vegna á að vera í lagi að hafa þessa sýningu. Sýningin verður í gangi fram undir kl. 12:00 og nemendur fá að skiptast á að spila íþróttirnar og fara í leikina alveg til kl. 13:00. Foreldrar, endilega komið þetta verður mikið fjör 😊

## Pylsugrill við Hafnarskóla kl. 12:00 - 3. júní

Kl. 12:00 hefst pylsugrill við Hafnarskóla fyrir alla nemendur og starfsmenn en því miður megum við ekki bjóða foreldrum. En nemendur fá að gæða sér á pylsum í góða veðrinu (það er búið að panta það) og skjótast í leiki á milli. Kl. 13:00 lýkur skóla hjá öllum nemendum. Yngstu krakkarnir fara þá í Kátakot en hinir heim og skólaakstri verður flýtt.

Sýningin verður ígildi skólaslita því hátíðleg skólaslit verða einungis fyrir nemendur og foreldra 10. bekkinga þetta árið.

## Skólaslit hjá 1.–9. bekk kl. 13:00-14:30 fimmtudaginn 4. júní

Skólaslitin verða óhefðbundin þetta árið. Hver bekkur hittir sinn umsjónarkennara í sinni heimastofu þar sem hópurinn á hátíðlega stund. Farið verður yfir markmið vetrarins, einkunnir afhentar og svo verður eitthvað gert í hverjum bekk fyrir sig til hátíðarbrigða. Skólaakstur verður úr sveitum á skólaslitin þar sem ekki er gert ráð fyrir foreldrum.



## Skólaslit hjá 10. bekk kl. 17:00 í Hafnarkirkju 4. júní

Skólaslitin verða sérstaklega hátíðleg hjá 10. bekk þar sem árgangurinn er að yfirgefa skólann. Þau verða í Hafnarkirkju kl. 17:00 og eru foreldrar og nánustu aðstandendur boðnir velkomnir. Strax að skólaslitum loknum verður hátíðarkvöldverður á Hótel Höfn með árganginum, foreldrum og starfsmönnum þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín.